Reglugerð um sjálfbærniverðlaun Golfsambands Íslands

1. gr.

Sjálfbærniverðlaun Golfsambands Íslands (GSÍ) eru veitt af stjórn GSÍ til golfklúbba sem vinna að heilindum að sjálfbærnimálum og hafa jákvæð áhrif á samfélagið með því að gæta að beinum og óbeinum umhverfis-, félagslegum og efnahagslegum áhrifum.

2. gr.

Við val á verðlaunahöfum skal litið til eftirfarandi þátta:

a) Frumkvæði að sjálfbærni og ábyrgri landnýtingu.
b) Framtíðarskipulag golfvallar.
c) Ábyrgur rekstur.
d) Umhverfisvottun.
e) Áhersla á jafnréttissjónarmið.
f) Umhverfissjónarmið við uppbyggingu og viðhaldi á vallarsvæðum.
g) Fræðsla til kylfinga um umgengni á vallarsvæðum (rusl, dýralíf o.þ.h).
h) Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.
i) Afreksstefna.

3. gr.

Sá golfklúbbur sem verðlaunin hlýtur viðurkenninguna hverju sinni fær verðlaunagrip ásamt aðgengi að merki sjálfbærniverðlaun GSÍ.

Samþykkt af stjórn Golfsambands Íslands 18. 11. 2021